

Ritdómur

*Sigurjónsbók: Afmælisrit til heiðurs
Sigurjóni Árna Eyjólfssyni sextugum*
eftir 20 höfunda í ritstjórn Brynjólfs Ólasonar,
Haraldar Hreinssonar og Stefáns Einars Stefánssonar,
Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, 425 bls.

Fyrir um áratug sótti ég hátíðarguðsþjónustu á jóladegi, sem dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur og fræðimaður, annaðist í kirkju einni á höfuðborgarsvæðinu. Predikunin var býsna eftirminnileg en þar lagði prestur út af Jesaja 55.10–11. Í þeim ritningarversum er talað um að orð Guðs sé líkt og regnið og snjórinn, sem falli af himni og snúi ekki aftur fyrr en það hafi gegnt sínu hlutverki, þ.e. að vökva og frjóvga jörðina. Á sama hátt komi orðið til leiðar áformum Guðs og fyrr hverfi það ekki aftur til Drottins. Þetta tengdi dr. Sigurjón við jólaguðsþjallið, sem hefði svo víða komið til leiðar siðferðilega eftirsóknarverðu hugarfari og breytni, þ.e. því sem svipmót hátíðarinnar kallaði fram innra með manneskjunni. Ekki var þetta þó hið minnisstæðasta í guðsþjónustunni. Eftirspilið við þessa athöfn var lagið „Ave María“ eftir Sigvalda Kaldalóns, sem þekktur einsöngvari flutti snoturlega. Að flutningnum loknum stóðst dr. Sigurjón ekki mátið, þó að guðsþjónustu ætti að heita lokið, stóð upp og tilkynnti söfnuðinum með þunga: „Mikið er lagið fallett hjá Kaldalóns, en textinn alveg skelfilegur!“ Einsöngvarinn roðnaði, en sérfræðingurinn í guðfræði Marteins Lúthers hnýtti nú við stundina örfáum vel völdum orðum um réttan stað Maríu í fagnaðar-erindinu.

Í tilefni af sextugsafmæli Sigurjóns Árna á þessu ári heiðruðu kollegar hans, gamlir nemandur og vinir hann með útgáfu ritgerðasafnsins *Sigurjónsbókar*. Því er frásögnin hér að ofan rifjuð upp, nú við umfjöllun um bókina, að sögukornið er e.t.v. til marks um þá hreinskiptu og oftast ekki minnisstæðu miðlun þekkingar, sem einkennir margt af höfundarverki og kennslu Sigurjóns. Enn fremur gætu tilvitnuð orð Sigurjóns við lok jólamessunnar minnt á að túlkunarheimur Lúthers í víðum skilningi þeirra orða er sjaldan fjarri í miðlun hans. Þessa síðara atriðis gætir vitaskuld rækilega í *Sigurjónsbóke*, og þá ekki síður úr því að sextugan Sigurjón ber upp á 500 ára minningu upphafs lúthersku siðbótarinnar. Bókinni er þó ekki ætlað að vera þematísk, enda er annað einkenni á störfum Sigurjóns hve þau ná yfir breitt svið þekkingarleitar. Í þeim anda geymir bókina ritgerðir 20 íslenskra og erlendra fræðimanna á sviði heimspeki, félagsfræði trúarbragða, bókmenntafræði, kirkjusögu, trúfræði og áhrifa-sögu biblíutexta, svo að nokkuð sé nefnt.

Bókinni er fylgt úr hlaði með „Afmælistkveðju“ og kemur þar fram að fræðimennirnir sem skrifi í bókina eigi það „allir sameiginlegt að þekkja vel til afmælisbarnsins og bera greinarnar margar því vitni með einum eða öðrum hætti“ (bls. 7). Ljóst er að margar greinanna kallast með ólíku móti á við efni sem Sigurjón sjálfur hefur birt á undanförunum

árum. En þó að líta megi á tilvitnunina hér að ofan sem eins konar skýringu á vali á höfundunum, vekur athygli að í hópi tuttugumeninganna eru aðeins þrjár konur. Enga ritgerð er þar t.d. að finna eftir þær íslensku konur sem eru sérfræðingar í systematískri guðfræði en sumar þeirra eru samkennarar afmælisbarnsins til fjölda ára við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.¹

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve maklega tvídoktornum Sigurjóni Árna Eyjólfssyni er fært þetta rit að afmælisgjöf, enda afkastameiri menn vandfundnir þegar kemur að því að skrifa um guðfræði á íslensku. Er þá ótalið nokkurt starf hans á þýskri tungu. Aftast í *Sigurjónsbók* er að finna ritaskrá afmælisbarnsins og telur hún níu þéttskrifaðar síður.

Hér gefst vitaskuld ekki rými til að ræða um efni allra ritgerðanna í bókinni; nokkur dæmi verða að nægja sem gefið gætu mynd af fjölbreytni hennar.

Mikilvæg er grein Gunnars Harðarsonar, „Þekking eða þroski?“, sem mætti kalla hugmyndasögulega umfjöllun um iðkun húmanískra fræða og hvað talist hafi til slíkrar iðkunar í gegnum tíðina. Fornmenntastefnan varðar vitaskuld miklu í þessari sögu en hún verður smám saman einn þeirra hornsteina sem siðbót Lúthers byggist á þó að ekki sé vikið að því hér. Stefnan er hér rakin til 14. aldar skáldsins Petrarca sem ásamt ýmsum samtíðarmönnum sínum bergir af brunni gömlu, rómversku höfundanna, svo sem Virgils, Liviusar og Ciceros. Kunnátta í latínu og síðar einnig grísku, mælskufræði, skáldskaparlist, sagnfræði o.fl. verður undirstaða áframhaldandi þekkingarleitar. En tíminn líður og síðar kemur vísindabyltingin til sögunnar, heimsmyndin breytist svo að um munar og viðtekin viðhorf um eftirsóknarverða menntun eru skorud á hólum. Þá sprettur upp hugmyndin um aðgreiningu milli annars vegar vísindalegrar aðferðar, sem leiði af sér aukna „sannprófaða“ þekkingu, og hins vegar húmanískra fræða, sem í þessari sviðsmynd eru þá talin leiða af sér aukna menntun og/eða þroska þess sem leggur stund á þau. Loks telur höfundur að hugvísindin í nútímaskilningi og með sjálfstæðri aðferðafræði verði til í lok 18. aldar.

Milli línanna vekur Gunnar lesandann til umhugsunar um stöðu og gildi hugvísindanna í samtímanum. Í því samhengi má t.d. nefna að þrátt fyrir brautryðjendavinnu fulltrúa nýhúmanismans á Íslandi á 19. öld, einkum Sveinbjarnar Egilssonar við Bessastaðaskóla, virðist alþjóðavæðing dagsins í dag kalla takmarkað eftir þekkingu á arfleifð horfinna menningarheima eða tungumálum þeirra. Reyndir skólamenn hafa lýst áhyggjum sínum af lakri stöðu og minnkandi áhuga á málanámi í framhaldsskólum en tungumálakunnátta má jú telja undirstöðu framhaldsnáms í hugvísindum.² Háskólaárið 2016–2017 voru þó skráðir nýnemar við Háskóla Íslands næstflestir við Hugvísindasvið af fimm sviðum skólans, örlitlu færri en við Verkfræði- og raunvísindasvið.³

Samtal við samtímamann, og þau viðfangsefni sem gjarnan eru sögð brenna á fólki, er e.t.v. ekki mjög áberandi í *Sigurjónsbók*. Undantekningu frá því má telja þarfa grein Bjarna Randvers Sigurvínssonar, „Múslimahatur á Íslandi“. Hún er innlegg í sömu umræðu og Sigurjón

¹ Nefna má þó í femínísku samhengi þá hugsun sem fram kemur í grein Soffíu Auðar Birgisdóttur bókmenntafræðings í *Sigurjónsbók*, „Var höfundur J-heimildarinnar kona?“ Greinartitillinn vísar til kenningar Harold's Bloom, sem þar er sagt frá og varðar svonefnda J-heimild Fimmbókaritsins, en kenning Bloom's byggist á greiningu á kvenlýsingum og stílbrögðum (einkum íróníu) í textanum. Sigurjón Árne Eyjólfsson er reyndar ekki þekktur fyrir femínískar áherslur í sínu höfundarverki.

² Hjalti Jón Sveinsson, „Minnkandi áhugi á tungumálanámi“, *Morgunblaðið* 11. nóv. 2017. Hjalti setur málið í samhengi við styttingu náms til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú. Einnig gagnrýnir hann þá oftrú sem ríki í samfélaginu og meðal nemenda á enskukunnáttu andspænis þekkingu á öðrum ný- eða fornámum.

³ Sjá töflu sem vísað er í af vef Háskóla Íslands:

https://docs.google.com/spreadsheets/d/1pvBa8Akbo7rf8MGxiR5mwvvgxbxyiHi8qJ_hbV4VFuvA/edit#gid=1820091594
(sótt 5. des. 2017).

Árni steig inn í með grein sinni í *Skírni* 190/2016, „Birtingarmyndir íslams í samfélags-umræðunni“. Grein Bjarna Randvers er sögð byggjast á fyrirlestri höfundarins frá 2013 en hefur þó greinilega verið aukin og endurbætt, sér í lagi í ljósi þeirrar samfélagslegu umræðu sem átt hefur sér stað frá því að Reykjavíkurborg úthlutaði Félagi múslima á Íslandi lóð undir moskubyggingu árið 2014. Um er að ræða fræðilega umfjöllun um hatursshreyfingar og um andúð á múslimum og trúarbrögðum þeirra hér á landi og víðar í hinum vestræna heimi. Ýtarleg úttekt Bjarna á félagsskapnum *Mótællum mosku á Íslandi* og tengdum aðilum, áhrifum þeirra og afdrifum, er afar umhugsunarverð. Hún leiðir í ljós, svo að hroll vekur, hve grunnt virðist vera á hatursáróðri og orðræðu ofbeldis í skrifum íslensks nútímafólks um þessi mál á netmiðlum. Greininni lýkur með hvatningu höfundar til að málflutningur múslimaandstæðinga sé „hrakinn með hlutlægum og sanngjörnum hætti“ (bls. 77), að reynt sé að byggja brýr milli ólíkra trúarviðhorfa og til að efla kennslu í almennum trúarbragðafræðum.

Um leið og tekið skal undir þetta má minna á annað og þá ekki síður mikilvægt atriði, hið sístæða viðfangsefni guðfræðinga: að miðla textum Biblíunnar og túlka þá inn í samtíma sinn með merkingarbærum hætti. Nokkrar greinar *Sigurjónsbókar* þreifa á þessu efni frá ólíkum sjónarhornum. Gunnar Kristjánsson skrifar um lestur og túlkun Marteins Lúthers á hinni helgu bók í grein sinni „Reynslan og Ritningin“. Hann setur trúarreynsluna fram sem lykilhugtak hjá Lúther. *Sola experientia* dýpki og efla biblíulesarann eða áheyranda predikunarinnar, svo að *sola Christus* og *sola gratia* eigi greiðari leið til manneskjunnar. Uta Pohl-Patalong spinnur annan þráð í sama vefnaði í grein sinni, „Að yfirstíga gjár – að lifa með gjám“. Þar kynnir hún lesendum „bibliolog-aðferðina“ sem leið til að brúa bilið milli samtímamannsins og biblíutextans. Aðferðin er ættuð úr viðtökufræðunum og byggir á e.k. hlutverkaleik þar sem þátttakendur fást við upplifun og tilfinningar biblíupersónanna á grundvelli eigin lífsreynslu svo að túlkunarmöguleikarnir tengjast og auðgast í sífellu. Segja má að grein Utu hafi þann ágalla að vera afar stutt og gefa þannig mjög takmarkaða innsýn í bibliolog-aðferðina eða hvernig hún hafi reynst í praxis en bent er á að þeir sem vilji beita henni þurfi að sækja tiltekið námskeið.

Af meiddi biblíulestrar og brúarsmíði má einnig nefna ritgerðir Gunnlaugs A. Jónssonar og Kristins Ólasonar, þar sem rannsóknir á tilteknum textum Gamla testamentisins liggja til grundvallar. Gunnlaugur fjallar um 2Mós 17.17, þ.e. möglun Ísraelsmanna við Massa og Meríba og vatnið sem Móse lét spretta fram úr kletti. Auk ritskýringar beitir Gunnlaugur þeirri aðferð, sem hann hefur kynnt með rannsóknum sínum undanfarna áratugi⁴, að auka við skilning á textanum með því að rýna í dæmi um ýmis áhrif hans í bókmenntum og gjarnan víðar í menningunni, t.d. kvikmyndum. Að þessu sinni ná dæmin allt frá Páli postula til Sigurðar Pálssonar skálds.⁵ Kristinn tekur hins vegar til skoðunar Sálms 68 með áherslu á aðferðir Lúthers til túlkunar og skilnings á textanum. Bakgrunnur túlkunarinnar er hinn fjórfaldi ritningarskilningur sem rekja má allt til kirkjufedðranna. Nátengd honum er n.k. heildarhyggja við lestur Biblíunnar, sem leiðir til kristsfræðilegrar túlkunar á textum hebræsku ritninganna. En líkt og fram kemur hjá Gunnari Kristjánssyni er lesandanum sjálfum einnig stillt upp í lykilhlutverk og trúarreynslan verður órjúfanlegur hluti af viðtöku og framhaldslífi textans.

⁴ Í riti sínu, *Áhrifasaga Saltarans* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014), dregur Gunnlaugur aðferðina vel fram og beitir henni á fjölda Davíðssálma.

⁵ Sigurður lést skömmu eftir útkomu *Sigurjónsbókar*, 19. sept. 2017.

Trúlega á Haraldur Hreinsson heiðurinn af óvenjulegustu grein bókarinnar: „Er nútíminn lútherskur? Réttlættir syndarar í hversdagsmenningunni“. Greinarhöfundur ber hið þekktu andstæðupar Lúthers, *simul justus et peccator*, saman við notkun ungra, hollenskra hugvísindamanna á hugtakiinu *metamóðernismi*. Með því hugtaki er átt við tiltekið einkenni á andrúmslofti 21. aldarinnar, þar sem pendúllinn er sagður sveiflast í stöðugri spennu milli haldfestu móðernismans og óreiðu póstmóðernismans. Leikur Haraldar berst til þriggja bandarískra gamanþátta sem hann telur sýna dæmi um einkenni þessarar spennu í hversdagsmenningunni. Hér er líklega nokkuð langt seilst. Á hinn bóginn má spyrja hvort nýir tímar kalli ekki einmitt á frumlega hugsun við fræðilega umfjöllun um t.d. boðskap siðbótarinnar eða trúarlega texta. Þess má geta að Haraldur virðist hafa verið lykilmáður við útgáfu *Sigurjónsbókar* því að, auk þess að rita áðurnefnda grein, sat hann í ritstjórn bókarinnar ásamt Brynjólfi Ólasyni og Stefáni Einari Stefánssyni, og þýddi á íslensku um helming af greinum erlendu höfundanna.

Einn fjölmargra strengja í hörpu Sigurjóns Árna Eyjólfssonar er tónlistarkunnátta hans, en hann lauk nýverið einleikaraprófi á saxófón og hefur um árabil staðið fyrir djassmessum. Ekki verður því skilið við *Sigurjónsbók* öðruvísi en að nefna skemmtilega grein Johannesar Schilling um Marteín Lúther og tónlistina, sem ber heitið: „... því hún gleður manneskjuna“. Á eftir guðfræðinni mat Lúther jú músíkina mest og gerði þessar tvær greinar að systurum. Þetta endurspeglast ekki aðeins í fjölda sálmatexta hans og -laga, heldur sér þessa viðhorfs stað víða í verkum hans. Schilling birtir tvö tilfinningaþrungin bréf Lúthers þar sem hann tjáir ást sína á tónlistinni. Hann segir hana veita guðfræðinni „rólynt og glaðvært hjarta“ (bls. 266), hjarta sitt hneigist stöðugt til hennar og að huggunarmáttur tónlistarinnar gegn depurð sé slíkur að sjálfur fjandinn leggi á flóttu!

Að lokum vaknar sú spurning hvort einhvern sameiginlegan þráð megi finna í ritgerðum *Sigurjónsbókar*, en þeim er ekki raðað upp af hálfu ritstjóranna öðruvísi en í stafrófsröð höfunda. Með eðlilegum fyrirvörum mætti hér nefna til sögu hugmyndina um hið ritaða orð og túlkun þess, þ.e. trúarlegan eða veraldlegan texta (en skilin þar á milli eru ekki endilega skörp, sbr. t.d. pósitoívisma Comtes sem Egill Arnarson gerir grein fyrir) og þær aðferðir sem manneskjan á ýmsum tímum í sögunni beitir til að lesa texta og túlka. Þar á sér stað leitin að merkingarþærum grunni til að byggja á tilvist einstaklingsins, með eða án Guðs. Túlkunaraðferð Marteíns Lúthers er vitaskuld mikilvægt dæmi í þessu samhengi. Náteynd orði og túlkun er svo sístæð leit hugvísindamannsins að aukinni þekkingu, m.a. á þeim samfélagslega og hugmyndafræðilega jarðvegi sem ólíkir textar spretta úr. Þannig verður bók þessi eins konar hylling fjölbreyttrar þekkingarleitar, þar sem Sigurjón Árne Eyjólfsson hefur sannarlega lagt sitt af mörkum í gegnum tíðina.

Ekki telst það daglegur viðburður að út komi svo veglegt greinasafn á íslensku þar sem guðfræðileg umfjöllun er þungamiðjan. Fyrir vikið er útgáfa *Sigurjónsbókar* þeim mun meira fagnaðarefni. Allur umbúnaður bókarinnar og frágangur texta er til fyrirmyndar. Um leið og sextugum Sigurjóni er árnað heilla, er ástæða til að óska bæði honum og aðstandendum *Sigurjónsbókar* til hamingju með barnið.